

**barn** *hk – hús Ö*  
[-s, börn]

– barnið hans er veikt

‡ • barnabarn » krakki

**góð-ur** *lo – gular*  
[-, gott; betri, bestur]

– góðan daginn!

‡ góður • vel

**mikil-l** *lo – gular B S*  
[-, mikið; miklir, miklar, -;  
[þf.et.kk] mikinn; meiri, mestur]

– hann hefur mikla rödd

‡ • mikilvægur, mikið » stór, margur « lítill

**all-ur** *lo – gular Ö*  
[öll, -t; meiri, mestur]

– allir geta verið með

‡ allr • alltaf, alltof « enginn

**dans-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– þau dansa alla nóttina

‡ dansa • dans

**geym-a** *so vb-i – heyra*  
[-di]

– ég geymi lykilinn í skúffunni

‡

**kall-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hann kallar á dóttur sína  
– Guðrún er kölluð Gunna

‡ » hrópa

**horf-a** *so vb-i – heyra*  
[-ði]

– barnið horfir of mikið á sjónvarp

‡ • viðhorf

**veisl-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– það verður veisla í kvöld

‡ veisla

**band** *hk – hús Ö*  
[-s, bönd]

– það þarf að binda band utan um  
pakkann

‡ • samband, bandalag, hjónaband

**dreym-a** *so vb-i – heyra*  
[-di]

– hana dreymir oft illa

‡ • draumur

**glas** *hk – hús Ö*  
[-s, glös]

– hún hellir mjólk í glasið

‡

**hlakk-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hún hlakkar til að komast heim

‡

**rusl** *hk et – hús*  
[-s]

– ég skal fara út með ruslið

‡

**takk** *ao*

– takk fyrir matinn!

‡ • þakka

**ryk** *hk et – hús*  
[-s]

– það er ryk á gömlu  
húsgögnunum

‡